

REGLUR

um netaveiði göngusilungs í sjó.

1. Reglur þessar varða eingöngu lagnetaveiðar á silungi í sjó.
2. Lagnet skal vera landfast, liggja þvert á fjöru og eigi vera lengra en 50 metrar frá stórstraumsfjöruborði, að stjóra sjávarmegin. Breidd (dýpt) skal ekki fara yfir 2 metra.
3. Óheimilt er að mynda fyrirstöðu eða gildru með staurum, grjóti eða öðrum föstum búnaði, en heimilt er að fergja blýlínu svo net veiði við botn, enda séu endar netsins vel merktir með baujum.
4. Lagnet skal eigi vera smáriðnara en svo að 3,0 cm séu milli hnúta (6,0 cm riðill) þá net eru vot. Netið skal hins vegar eigi vera stórriðnara en svo að 4,0 cm (leyfilegt frávik +/- 0,2 cm) séu milli hnúta (8,0 cm riðill) og notað sé einfalt girni, sem fari ekki yfir 0,4 mm að þykkt.
5. Bil milli lagneta í sjó skal vera minnst 100 m eftir endilangri strönd, þar sem skemmst er milli þeirra. Þó má bil aldrei vera skemmra en fimmföld lengd lagnets. Í sundum milli strandar og eyja eða hólma skal bil milli neta eftir endilöngu sundi vera hið sama og að framan getur, hvoru megin sunds sem net liggur.
6. Net sem ætlað er til veiða á göngusilungi, skal merkt með bauju ásamt nafni ábúanda og lögbýlis sem hefur umræddan veiðirétt.
7. Ef maður veiðir fyrir landi annars aðila skal hann framvísa leyfi landeiganda til veiðanna og merkja netið með nafni og heimilisfangi.
8. Að öðru leyti gilda reglur um friðun og veiðar göngusilungs í ósöltu vatni í samræmi við IV. kafla laga nr. 76/1970, með síðari breytingum.
9. Um brot á ákvæðum reglna þessara fer samkvæmt 2. mgr. 98. gr. laga um lax- og silungsveiði nr. 76/1970, með síðari breytingum, enda varði brotið ekki þyngri refsingu samkvæmt öðrum lögum.
10. Reglur þessar, sem settar eru í samræmi við 1. mgr. 11. gr., 4. mgr. 14. gr. og 2. mgr. 15. gr. laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi felldar reglur um sama efni nr. 205 4. maí 1990.

Landbúnaðarráðuneytinu, 26. apríl 1996.

Guðmundur Bjarnason.

Jón Höskuldsson.

7. maí 1996

Nr. 262

AUGLÝSING

um breytingu á auglýsingu nr. 483/1995 vegna innflutnings á landbúnaðarvörum.

1. gr.

Við upptalningu á löndum í 3. gr. auglýsingarinnar kemur:

Kanada

Bandaríki Ameríku